

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 48/98
frá 29. maí 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til effirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/97 frá 9. desember 1997⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 434/97 frá 3. mars 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 716/97 frá 23. apríl 1997 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/97 frá 25. apríl 1997 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 193, 9. 7. 1998, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 67, 7. 3. 1997, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 106, 24. 4. 1997, bls. 10.

aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 749/97 frá 25. apríl 1997 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **397 R 0434:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 434/97 frá 3. mars 1997 (Stjttð. EB nr. L 67, 7. 3. 1997, bls. 1).
- **397 R 0716:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 716/97 frá 23. apríl 1997 (Stjttð. EB nr. L 106, 24. 4. 1997, bls. 10).
- **397 R 0748:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/97 frá 25. apríl 1997 (Stjttð. EB nr. L 110, 26. 4. 1997, bls. 21).
- **397 R 0749:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 749/97 frá 25. apríl 1997 (Stjttð. EB nr. L 110, 26. 4. 1997, bls. 24).”.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 434/97 og reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 716/97, 748/97 og 749/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽⁴⁾ Stjttð. EB nr. L 110, 26. 4. 1997, bls. 21.

⁽⁵⁾ Stjttð. EB nr. L 110, 26. 4. 1997, bls. 24.

Gjört í Brussel 29. maí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner